



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpuarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 20. mars 2023


Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um handiðnað (útgáfa sveinsbréfa), mál nr. 53/2023


Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum um handiðnað nr. 42/1978 (útgáfa sveinsbréfa), mál nr. 53/2023. Segir í athugasemdum með frumvarpinu að með frumvarpinu sé útgáfa sveinsbréfa færð frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti til sýslumanns enda falli verkefnið vel að þeirri þjónustu sem sýslumenn veita í héraði. Samtökin fagna umræddri tillögu enda að mati SI til þess fallið að auka skilvirkni og einfalda regluverk löggiltra iðngreina.

Hafa SI ítrekað bent á að eftirlit með lögum um handiðnað sé í lamasessi þannig að í raun virðist hver sem er getað tekið að sér verk sem krefjast lögbundinnar færni án þess að búa yfir henni og þarf því að gera breytingar á tilhögun eftirlits með starfsemi þeirra sem starfa án leyfisbréfs. Ein af þeim aðgerðum sem SI hafa bent á að væri til þess fallin að bæta umrætt eftirlit og þar með starfsumhverfi þeirra sem starfa í iðnaði og auka gagnsæi gagnvart neytendum er að settur sé á fót opinber listi yfir þau sem hafa tilskilda menntun og réttindi til að geta boðið upp á viðeigandi fagþjónustu. Með því að færa útgáfu sveinsbréfa til sýslumanns, sem nú þegar hefur með höndum útgáfu meistarabréfa og viðurkenningu á menntun og starfsréttindum erlendra aðila, er stigið rétt skref í átt að aukinni skilvirkni sem mun einfalda útgáfu og uppfærslu heildstæðs opinbers lista yfir alla aðila sem hafa leyfi til að starfa í löggiltum iðngreinum.

Í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er jafnframt lagt til að fella brott 5. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna brott, sbr. 3. gr. frumvarpsdraganna, en í ljósi þess að fyrir liggur að ráðherra mun falla frá breytingu á umræddu ákvæði telja SI ekki ástæðu til að gera athugasemdir þennan þátt frumvarpsdraganna. Það er þó að mati SI tímabært að endurskoða eftirlits- og sektarákvæði laga um handiðnað í heild sinni með það fyrir augum að auka skilvirkni eftirlitsins og telja SI mikilvægt að það sé gert með heildstæðum hætti og lýsa SI sig tilbúin til að taka þátt í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt,


Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs


Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs